

# Auglýsing

frá skrásetjara vörumerkja í Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1912.

*Skrás. 1912 nr. 1.*

Tilkynt 5. desbr. 1911, kl. 6 síðd., af firmanu Lever Brothers, Limited, sápugeterðarfjelagi í Port Sunlight, Englandi, og skrásett 4. janúar 1912.

Lýsing á merkinu: Orðið:

## LEVER

Merkið er skrásett í London samkv. tilkynningum, dagsettum 21. nóvbr. 1889, í 47. flokki fyrir almenna sápu.

Orðið *Lever* skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1912 nr. 2.*

Tilkynt 5. desbr. 1911, kl. 6 síðd., af sama fjelagi, og skrásett 4. janúar 1912.

Lýsing á merkinu: Orðið:

## SUNLIGHT

Merkið er skrásett í London samkv. tilkynningum, dagsettum 2. febr. 1884, í 47. flokki fyrir almenna sápu, hreinsunarlyf, linsterkju, blákkju og aðrar efnasamsetningar til þvotta, og í 48. flokki fyrir ilmsápu og önnur ilmefni svo sem til andlits- og handþvotta, tanna- og hárlyf.

Orðið *Sunlight* skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1912 nr. 3.*

Tilkynt 5. desbr. 1911, kl. 6 síðd., af sama fjelagi, og skrásett 4. jan. 1912.

Lýsing á merkinu: Orðið:

## SUNBEAM

Merkið er skrásett í London samkv. tilkynningu, dags. 20. apríl 1885, í 47. flokki fyrir kerti, almenna sápu, hreinsunarlyf, olíu til lýsingar, hitunar eða áburðar, eldspýtur, línsterkju, blákku og aðrar efnasamsetningar til þvotta.

Orðið *Sunbeam* skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1912 nr. 4.*

Tilkynt 5. desbr. 1911, kl. 6 síðd., af firmanu *Vinolia Company, Limited*, sápugerðarfélagi, 41 a. Upper Thames Street, London, E. C., og skrás. 4. jan. 1912.

Lýsing á merkinu: Orðið:

## VINOLIA

Merkið er skrásett í London samkv. tilkynningum, dagsettum 9. jan. 1888, 4. júní s. á. og 13. sept. 1900, í 3. flokki fyrir kemisk efni til notkunar í lækni-lyf, sjerstaklega lyf gegn hörundskvillum; í 48. flokki fyrir ilmefni — þar með talin efni til andlits- og handþvotta, tanna- og hárlyf og ilmsápa —, og í 47. flokki fyrir kerti, hreinsunarlyf, eldspýtur, blákku og aðrar efnasamsetningar til þvotta, þó ekki línsterkju, gljásterkju, línsterkjuglerung, efni til þess að ná úr feiti, bleki og blettum úr fataefnum og efni til bleikingar.

Orðið *Vinolia* skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1912 nr. 5.*

Tilkynt 5. desbr. 1911, kl. 6 síðd., af sama fjelagi og skrásett 4. jan. 1912.




Lýsing á merkinu: Mynd af svartri pappírsræmu með hvítri rönd umhverfis, laufaskurði að ofan og neðan og sexhyrndum, aflöngum skildi á öðrum enda. Á ræmunu er orðið »Vinolia« letrað, og stendur »V«-ið í skildinum.

Merkið er skrásett í London samkvæmt tilkynningum, dagsettum 14. nóv. 1890, í 3. fl. fyrir kemisk efni þar með talin efni til andlits- og handþvotta og ilmsápa.

*Skrás. 1912 nr. 6.*

Tilkent 5. desbr. 1911, kl. 6 síðd., af firmanu Hodgson & Simpson, Limited, sápugetðarfjelagi, Bebington, Cheshire, Englandi, og skrásett 4. jan. 1912.

### HARPOON BRAND




Lýsing á merkinu: Mynd af skutli, með kaðalspotta, sem dreginn er gegnum gatið á efri enda hans. Myndin af skutlinum liggur skáhalt innan í aflöngum ferhyrningi með ávölum hornum. Innan í ferhyrningnum, uppi yfir fremsta hluta skutulsins, standa orðin: **HOLDS ITS OWN**, en fyrir ofan ferhyrninginn standa orðin: **HARPOON BRAND**.

Merkið er skrásett í London samkvæmt tilkynningu, dags. 22. des. 1910, í 47. flokki fyrir kerti, almenna sápu, hreinsunarlyf, eldspítur, línsterkju og aðrar efnasamsetningar til þvotta — þó ekki þar með talin olía til lýsingar, hitunar eða áburðar, eða blákka og aðrar vörur af líkri tegund.

*Skrás. 1912 nr. 7.*

Tilkent 9. mars 1912, kl. 1<sup>10</sup> e. h. af O. Mustad & Sön, verksmiðjueigendum, Kristianiu, og skrásett 12. s. m.

Lýsing á merkinu: Lykill.




Merkið er skrásett fyrir saum og nagla, öngla, saumnálar, tituprjóna, lásnæli, krókapör, hárnálar, axir og ullarkamba.

Samkv. tilk., dags. 28. okt. 1895, er merkið áður skrásett í Kristianiu.

## Skrás. 1912 nr. 8.

Tilkynt 22. mars 1912, kl. 5 síðd., af British-American Tobacco Company, limited, tóbaksatvinnurekstur, London á Englandi, og skrásett 30. s. m.




Lýsing á merkinu: Grænn einkennismiði ferhyrndur með gyltri umgerð. Á honum stendur í boga efst með svörtu lettri: The »Three Castles« og er gylt og grænt krot fyrir ofan og neðan. Þar undir stendur á bandi, einnig með svörtu lettri (minna): The »Three Castles« Tobacco, og undir því með gyltu lettri: W. D. & H. O. Wills, vinstra megin, og Bristol & London hægra megin við gyltan skjöld með þrem turnum og grænni þverrák. Þar undir stendur: There's no sweeter Tobacco comes from Virginia & no better brand than the »Three Castles«. Þar undir er gylt krot. Neðst stendur með svörtum stöfum: W. D. & H. O. Wills, Bristol & London.

Merkið er skrásett í London í 45. flokki, samkv. tilkynningu 23. júlí 1907, fyrir allskonar tóbaksvörur, og nafnið »Three Castles« er sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

## Skrás. 1912 nr. 9.

Tilkynt 22. mars 1912, kl. 5 síðd., af sama fjelagi, og skrásett 30. s. m.




Lýsing á merkinu: Grænn einkennismiði ferhyrndur og á honum grænt laufkrot að ofan og til beggja hliða. Efst á honum standa með svörtum stöfum

**142** í bogadreginni línu upp á við orðin: The »Three Castles« Tobacco. Þar undir er gyltur skjöldur með þrem turnum og grænu þverstryki og standa nöfnin: W. D. & H. O. Wills vinstra megin við hann, en Bristol & London hægra megin, hvorttveggja með gullnu letri, er græn blöð á svörtum grunnni eru undir. Neðst er band með svartri áletrun svohljóðandi: »There's no sweeter Tobacco comes from Virginia & no better brand than the Three Castles«.

Merkið er skrásett í London í 45. flokki, samkv. tilkynningu 8. ágúst 1907, fyrir allskonar tóbaksvörur, og eru orðin »Three Castles« sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

*Skrás. 1912 nr. 10.*

Tilkynt 22. mars 1912, kl. 5 síðd., af sama fjelagi, og skrásett 30. s. m.




Lýsing á merkinu: Ferhyrndur einkennismiði og á honum efst ljósblár reitur og krot við enda hans, undir er gyltur reitur og þar orðið »Capstan« með dökkbláu letri, og þar undir dökkblár reitur og orðin Navy Cut með hvítum stöfum. Neðst er ljósblár reitur, og standa þar með svörtum stöfum nöfnin: W. D. & H. O. Wills. Bristol & London.

Merkið er skrásett í London í 45. flokki, samkv. tilkynningu 23. júlí 1907, fyrir allskonar tóbaksvörur og eru orðin: »Capstan« og »Navy Cut« sjerstaklega tilbúin heiti fyrir þessar vörutegundir.

*Skrás. 1912 nr. 11.*

142

Tilkynt 14. maí 1912, kl. 2 sídd., af h./f. Kymeia, tilbúningur efnafræðis-  
legra afurða, Kaupmannahöfn, og skrásett 18. s. m.



Lýsing á merkinu: Brot af siglutrje með rá, og á henni segl, sem letrað er á nafnið: Cuprinol.

Undir eru tveir kaðalsvöndlar, og ná spottar úr þeim saman fyrir neðan álaháf, sem er á milli vöndlanna.

Merkið, sem samkv. tilk., dags. 16. septbr. 1911, er skrásett í Kaupmannahöfn 23. s. m., nær eingöngu til allskonar andvætusamsetninga (Imprægneringspræparater).

*Skrás. 1912 nr. 12.*

Tilkynt 10. júní 1912, kl. 7 sídd. af Sláturfjelagi Suðurlands, samvinnufjelag, Reykjavík, og skrásett 12. s. m.



Lýsing á merkinu: Mynd af sauð, er snýr höfði til vinstri handar. Á síðu sauðarmyndarinnar eru bókstafirnir SS með örvarmynd í gegnum, og er örinni skotið frá vinstri til hægri handar. Nafnið: Sláturfjelag Suðurlands er í boga yfir myndinni. Milli orðanna í nafninu, uppi yfir miðju baki sauðarins, er mynd dýralæknisstimpils  $\sigma$ : rjettur þrihyrningur.

Merkið á að nota á umbúðir um afurðir sláturfjenaðar.

*Skrás. 1912 nr. 13.*

Tilkynt 10. júní 1912, kl. 7 síðd., af sama fjelagi, og skrásett 12. s. m.



Lýsing á merkinu: Bókstafirnir SS með örvarmynd, sem skotið er gegnum stafina frá vinstri til hægri handar, innan í hring.

Merkið á að nota sem stimpil á kjöt frá fjelaginu.

*Skrás. 1912 nr. 14.*

Tilkynt 14. október 1912, kl. 5 síðd., af Westminster Tobacco Co., Limited, London, tóbakssöllumönnum, og skrásett 18. s. m.



Lýsing á merkinu: Mynd af kreptum hnefa og vængjum báðu megin hans, en fyrir ofan standa orðin: Trade Mark; á ská fyrir neðan á milli fjöggra strika, tveggja hvoru megin, stendur orðið: Westminster, en þar undir í tveim línunum, með smærra lettri: Westminster Tobacco Co. Limited. 63. Fenchurch St. London. Eng.

Merkið er skrásett í London samkv. tilk., dags. 21. jan. 1911, í 45. flokki fyrir allskonar tóbaksvörur.

*Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 28. desbr. 1912.*